

30. október 2014

### **Ályktun um húsnæðisvanda Álftanesskóla**

Foreldrafélag Álftanesskóla skorar á bæjaryfirvöld í Garðabæ að setja húsnæðismál skólans á oddinn og að stækkun Álftanesskóla komist inn á framkvæmdaáætlun bæjarins hið fyrsta.

Starf Álftanesskóla hefur liðið fyrir húsnæðisskort um árabíl. Engar áætlanir liggja fyrir um stækkun skólans. Ástandið er óviðunandi og hefur verið það allt of lengi.

Nú eru 450 nemendur í Álftanesskóla í 1.-10. bekk og þótt a.m.k. 11 sinnum hafi verið byggt við skólann, síðast árið 2005, er mikill skortur á fullnægjandi kennslurými. Á skólalóðinni hafa verið lausar kennslustofur í á annan áratug. Allt geymslurými er nýtt til kennslu og annars starfs skólans. Matsalur skólans er það lítill að þrískipta þarf nemendahópnum í hádegismat (11.30-13.00) og fara þarf á milli húsa sama hvernig viðrar. Sérlega vantar stærra samkomusal við skólann sem tæki mið af stærð hans og stórauðnum nemendafjölda frá því skólinn var byggður. Algjörlega óviðunandi er að starfsaðstaða sálfræðinga og annarra sérfræðinga við skólann fari fram í geymslum og skúmaskotum en núverandi aðstaða tekur ekki mið af breyttum forsendum í skólastarfi.

Algjört ófremdarástand er einnig í húsnæðismálum Frístundar þar sem starfsemin er rekin í allt of litlu bráðabirgðahúsnæði, 110 börn á 211m<sup>2</sup>.

Í framkvæmdaáætlun Garðabæjar sem nær til næstu þriggja ára eru engar áætlanir um að byggt verði við Álftanesskóla. Samkvæmt tölum Hagstofunnar virðist ekki sem börnum í skólanum fari fækkandi svo nokkru nemi. Núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir viðbyggingu á skólalóðinni og því er ekkert að vanbúnaði að hefjast handa.

**Í ljósi óviðunandi stöðu boðum við til opins fundar um húsnæðismál skólans miðvikudaginn 5. nóvember kl. 20 í samkomusal Álftanesskóla.**

Við hvetjum alla velunnara til að mæta og sýna málefninu stuðning.

Stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla